

Ed.

261. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að vinna þilplötur o. fl. úr íslenskum jarðvegsefnum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara veitist Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri einkaleyfi um næstu 20 ár til þess að vinna þilplötur, byggingarpappa og sellulose úr íslenskum jarðvegsefnum.

Einkaleyfi þetta getur Kaupfélag Eyfirðinga framselt til félags, sem stofnað kann að verða fyrir tilhlutun þess, í þeim tilgangi að hagnýta einkaleyfið. Óheimilt er þó að framselja einkaleyfið nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til.

2. gr.

Meðan leyfistiminn stendur, er öllum óheimilt að nema jarðvegsefni hér á landi í þeim tilgangi að vinna úr þeim til sölu framleiðsluvörur þær, sem 1. gr. ræðir um. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 500—20000 kr., er renna í ríkissjóð.

3. gr.

Hafi sérleyfishafi ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti innan 3 ára, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.